

Héraðsdómur Austurlands

Dómur 20. mars 2023

Mál nr. S-118/2022:

Héraðssaksóknari

(Teitur Már Sveinsson saksóknarfulltrúi)

(Eva Dís Pálmadóttir réttargæslumaður)

gegn

X

(Hlynur Jónsson lögmaður)

Dómur.

I.

1. Mál þetta, sem dómtekið var 21. febrúar 2023, er höfðað með ákæru héraðssaksóknara, útgefinni 10. nóvember 2022, á hendur X, kt. [...], [...], [...]:

„fyrir kynferðislega áreitni, með því að hafa aðfaranótt 14. ágúst 2022, inni í herbergi á neðri hæð hússins að [...], strokið yfir rass A, kt. [...], og strokið yfir og káfað á kynfærum hennar, allt utanklæða, þar sem hún lá upp í rúmi.

Telst þetta varða við 199. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.“

2. Af hálfu skipaðs réttargæslumanns brotaþola var lögð fram við rannsókn lögreglu einkaréttarkrafa, dagsett 30. ágúst 2022. Í endanlegri gerð, við flutning málsins, er efni kröfunnar svohljóðandi:

„Af hálfu B, kt. [...], [...], f.h. ófjárráða dóttur sinnar, A, kt. [...], er þess krafist að ákærði greiði henni miskabætur að fjárhæð 700.000 kr., auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 16. ágúst 2022 til 17. desember 2022, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001, frá þeim degi til greiðsludags.“ Þá er í einkaréttarkröfunni krafist þóknunar til handa réttargæslumanni vegna réttargæslustarfa, sbr. 48. gr. laga nr. 88/2008, sbr. XXXVI. kafla sömu laga, þ.m.t. vegna

framsetningar bótakröfu.

3. Fyrir dómi hefur ákærði neitað refsiverðri sök og hafnað einkaréttarkröfu.

Skipaður verjandi, Hlynur Jónsson lögmaður, krefst þess fyrir hönd ákærða aðallega að hann verði sýknaður af refsikröfu ákæruvaldsins, til vara að honum verði ekki gerð refsing og til þrautavara að hann verði dæmdur til vægustu refsingar sem lög leyfa.

Þá krefst verjandinn þess fyrir hönd ákærða að einkaréttarkröfu brotþota verði vísað frá dómi, en til vara að fjárhæð miskabótanna verði lækkuð verulega.

Loks krefst verjandinn málsvarnarlauna samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

II.

1. Samkvæmt rannsóknargögnum lögreglu, en einnig því sem fram kom við meðferð málsins fyrir dómi, var haldið vinateiti og gleðskapur ungs fólks í tvílyftu einbýlishúsi að [...] laugardagskvöldið 13. ágúst 2022. Á meðal þeirra sem tóku þátt í teitinu voru nokkrir íbúar hússins, þ. á m. systkinin C, fæddur [...], og D, fædd [...], en þau voru er þetta gerðist með sitt hvort herbergið á neðri hæðinni. Þá tók þátt í teitinu þriðji íbúi hússins, E, fæddur árið [...], en fyrir liggur að annar húsráðandi húseignarinnar að [...] 3 er faðir hans, en sambyliskona hans, vitnið F, er móðir fyrrnefndra systkina. Í teitinu var einnig brotapolinn A, fædd árið [...], en þegar atvik máls gerðust hafði hún verið unnusta C í um 18 mánuði og hafði á því tímabili að nokkru haft aðsetur á heimilinu, en þá helst í herbergi vitnisins C. Loks tók þátt í teitinu ákærði, X, en hann og fyrrnefnd systkini, C og D, eru [...]. Verður ráðið að ákærði hafi komið á vettvang skömmu fyrir miðnættið, en hann hafði er atvik máls gerðust aðsetur í íbúð í næsta nágrenni við [...].

Óumdeilt er að nokkrir þeirra aðila sem tóku þátt í umræddu teiti neyttu áfengis. Jafnframt liggur fyrir að flestir gestirnir fóru úr húseigninni skömmu eftir miðnættið, og þá um það leyti sem nokkrir heimilismanna gengu til náða.

3. Samkvæmt gögnum héldu vitnið C, en einnig að nokkru unnusta hans, brotþoli, svo og vitnið E og ákærði til í herbergi þeirra fyrstnefndu á neðri hæðinni að [...]. Verður ráðið að aðstæður hafi nánar verið með þeim hætti að vitnin C og E hafi verið að horfa á

og spila tiltekinn tölvuleik, og hafi af þeim sökum setið á sitt hvorum stólnum við borð, sem þá var staðsett innst í herberginu. Þá hafi ákærði einnig tekið þátt í leiknum og staðið þar hjá, en þannig hafi hann verið á milli borðsins og rúmsins, sem var þegar atvik máls gerðust í hinum enda herbergisins og þá nær herbergishurðinni. Ágreiningslaust er að í rúmi þessu hafðist brotaþoli við, a.m.k. þegar leið á nóttina, og var hún fullklædd. Liggur fyrir að við þessar aðstæður hafi ákærði afráðið að yfirgefa teitið, en að skömmu áður en það gerðist hafi komið til þeirra samskipta milli ákærða og brotaþola, sem síðar leiddu til þess að hún tilkynnti lögreglu um ætlað kynferðislegt athæfi hans, sem hann hefur neitað fyrir dómi.

4. Samkvæmt gögnum fór ákærði eftir að hann hafði farið úr teitinu beina leið á dvalarstað sinn, sem eins og fyrr sagði var í næsta nágrenni við húseignina [...].

Fyrir liggur að brotaþoli greindi vitnunum C og D, en einnig öðrum húsráðandanum, vitninu F, mjög fljótlega frá hinu ætlaða kynferðislega athæfi ákærða. Þá liggur fyrir að unnusti brotaþola, vitnið C, lagði leið sína á dvalarstað ákærða eftir að hann hafði hlýtt á frásöggn brotaþola. Átti vitnið í framhaldi af því orðastað við ..., ákærða, í skamman tíma. Því til viðbótar ræddust þeir tveir stuttlega við daginn eftir, og þá eftir að móðir ákærða hafði lýst yfir áhyggjum sínum vegna andlegrar líðanar sonar síns, ákærða.

5. Samkvæmt gögnum áttu brotaþoli og ákærði í skammvinnum netsamskiptum tiltölulega fljótlega eftir að ákærði yfirgaf nefnda húseign. Á meðal rannsóknargagna lögreglu er afrit af þessum samskiptum, en þar kemur m.a. fram að þau hafi farið fram kl. 12:04. Ekki er í rannsóknargögnum getið um dagsetningu skilaboðanna og ekki var af hálfu lögreglu eða ákæruvalds aflað frekari staðfestingar eða gagna um þetta atriði.

Brotaþoli lagði umrædd netsamskipti fram þegar hún var yfirheyrð af lögreglu. Verður helst ráðið að þau séu hluti af heldur lengri samskiptum hennar og ákærða, en þau eru svohljóðandi:

Ákærði: „Er ekki hægt að sættast?/tala.“ Brotaþoli: „Nei.“ Ákærði: „Af hverju ekki?“ Brotaþoli: „Þú káfaðir a mer X. Þu kafaðir a mer af því þu helst að þu myndir komast upp með það af því ég virtist vera sofandi. Það er virkilega ogeðslegt.“ Ákærði: „Það er bara so sorry svo mikið bull. Af hverju ætti ég að gera það með C og E í sama herbergi??? ... Plús ert með frænda mínum ... Ég vil ekki að þetta fari svona.“

Brotapoli: „Æ æj. Grey þú.“ Ákærði: „Er ekki best að tala.“ Brotapoli: „Nei.“ Ákærði: „með C.“ Brotapoli: „Láttu mig vera.“ Ákærði: „Nei.“ Brotapoli: „Ég vil líka að þú vitir að ég er búin að fara með þetta til lögreglunnar og D sagði sína sögu. Ég er að fara í skýrslutöku á morgun. Hættu svo að fokking tala við mig ogeðslegi helvitis aumingi. Rotnaðu í helvíti ... Þú att verra skilið en bara kærú. Sættu þig bara fokking við það að þú er creep að þu ert aumingi Og að Enginn mun fokking lita sömu augu a þig.“ Ákærði: „Ég vil alveg virkilega ekki að þetta fari svona.“ Brotapoli: „Þú gerði eitthvað ogeðslegt faceaðu það ...“ Ákærði: „Og hvað mun koma fá þessu.“ Brotapoli: „?“.

Á meðal rannsóknargagna lögreglu er einnig upptaka, sem brotapolí lagði fram hjá lögreglu. Virðist þar vera um að ræða örstutt símtal brotápola og vitnisins D við ákærða. Ekki þykir ástæða til að rekja efni þess.

6. Samkvæmt gögnum var brotapolí í samskiptum við móður sína, vitnið B, fyrrihluta sunnudagsins 14. ágúst 2022, og liggur fyrir að vitnið fór í framhaldi af því úr heimabæ sínum til fundar við brotápola.

Af gögnum verður helst ráðið að í þeirri atburðarás sem á eftir fór hafi m.a. ættingjar og vinahópur ákærða og brotápola að einhverju leyti fengið fregnir af ætluðum atvikum máls, og þ. á m. um bágborið andlegt ástand þeirra beggja.

7. Samkvæmt frumskýrslu G lögregluvarðstjóra kom brotapolí í fylgd vitnisins D, en einnig móður sinnar, vitnisins B, á lögreglustöðina á [...]um nónbilið sunnudaginn 14. ágúst nefnt ár. Segir frá því í skýrslunni að brotapolí og nefnd vitni hafi strax við komu greint frá ætluðum atvikum máls umrædda nótt og hafi varðstjórinn af því tilefni rætt einslega við brotápola og D. Í frumskýrslunni er skráð frásögn brotápola um atvik máls og segir þar um:

„Hún (brotapolí) sagðist hafa verið orðin þreytt og því legið í rúminu og verið hálfsofandi. Hún sagði þá C og E hafa verið í tölvunni og snúið baki í rúmið þar sem hún lá. Hún sagði X hafa setið á rúminu og strokið henni fyrst yfir rass eða mjöðm svona eins og til að athuga hvort hún væri sofandi. Hún sagðist ekki hafa hreyft sig þegar hann strauk henni fyrst. En síðan hafi hann strokið henni og þrýst á kynfæri hennar. Hún hafi þá snúið sér undan. Hún sagði X þá hafa farið og sagðist hún hafa verið alveg miður sín yfir þessu, sagðist eiginlega hafa frosið þegar hann kom við hana. A sagðist svo hafa

sagt þeim sem þarna voru frá þessu. Eins fór hún inn í herbergi til D ... og sagði henni frá því sem gerðist.“

8. Samkvæmt rannsóknargögnum lögreglu var tekin formleg framburðarskýrsla af brotþola um kærufnið þann 16. ágúst 2022, að viðstöddum tilnefndum réttagæslumanni hennar. Þar sem hljóðupptaka lögreglu af skýrslutökunni reyndist alls ófullnægjandi var afráðið af þeim rannsóknarlögreglumanni, sem annaðist rannsókn málsins, að taka aðra skýrslu af brotþola, þann 18. sama mánaðar. Á meðal rannsóknargagna eru viðeigandi diskar af þessum yfirheyrslum.

Við áframhaldandi rannsókn lögreglu var móðir brotþola yfirheyrd á lögreglustöð þann 16. ágúst sl. Vitnið E var yfirheyrt af lögreglu í gegnum síma þann 23. sama mánaðar. Þá var ákærði yfirheyrdur á lögreglustöð þann 25. ágúst sl., að viðstöddum tilnefndum verjanda, sem síðar var skipaður verjandi hans fyrir dómi. Þann sama dag var móðir ákærða, vitnið H, yfirheyrt af lögreglu. Þá var vitnið D yfirheyrt af lögreglu í gegnum síma þann 26. ágúst sl., og loks var vitnið C yfirheyrt af lögreglu í gegnum síma þann 29. sama mánaðar.

Nefndar yfirheyrslur voru ýmist teknar upp með hljóði en einnig eftir atvikum í mynd. Viðstaddir skýrslutökurnar yfir ákærða og brotþola voru fulltrúar frá viðeigandi barnaverndarnefndum.

9. Rannsóknargögn lögreglu voru send héraðssaksóknara til ákvörðunar þann 6. október 2022. Ákæra málsins var eins og áður er komið fram gefin út 10. nóvember sl., og var hún ásamt gögnum lögð fram í dómi við þingfestingu þann 29. nóvember sl. Við meðferð málsins fyrir dómi lögðu sækjandi, fyrir hönd ákærvaldsins, en einnig réttargæslumaður brotþola fram frekari sýnileg gögn. Á meðal þessara gagna eru ljósmyndir og grunnteikning af íbúðarhúsinu að [...], en einnig afrit af rissmynd af fyrrnefndu herbergi, sem brotþoli hafði gert við yfirheyrslu hjá lögreglu. Loks lagði sækjandi fram bréf og vottorð þriggja náms-, starfs- og þroskaþjálfara, sem starfa við [...], vegna þjónustu þeirra gagnvart brotþola, þann 25. ágúst og 8. nóvember 2022, en einnig í janúar 2023.

III.

Framburður ákærða og vitna hjá lögreglu.

1. Ákærða var við upphaf lögregluyfirheyrslu, þann 25. ágúst sl., kynnt kæruefnið, þ.e. „kynferðisbrot, kynferðisleg áreitni“ gagnvart brotþola, sbr. það sem rakið var hér að framan. Aðspurður af rannsakara um afstöðu til kæruefnisins og hvort hann hefði brotið gegn brotþola svaraði ákærði samkvæmt skýrslu lögreglu:

„Ég veit ekki hvað ég á að segja sko. ... Já, ég alveg geri það sko. ... Og væntanlega sé ég eftir því sko. ... Og ekki bara það heldur þú veist ég bara, þetta, þetta er bara svo heimskulegt finnst mér að kæra mig fyrir þetta af því að ég eyðilagði ekki líf þeirra sko, þau, eru að eyðileggja lífið mitt akkúrat núna sko. ... Bara þau eru að dreifa þessu og, og í gegnum allan skólann sko. ... Milli vina og vinkvinnanna bara já. Var að segja að ég sé perri fyrst af öllu.“

Ákærði skýrði frá því hjá lögreglu að hann hefði farið í umrætt vinateiti eftir að frændi hans, vitnið C, hafði hringt og boðið honum og þá til þess „bara að chilla og drekka. Og ég kom náttúrulega og, og svo var ég bara orðinn greinilega svolítið góður á því.“

Ákærði skýrði nánar frá því að þegar hann hafi komið í herbergið til ..., vitnisins C, skömmu fyrir miðnættið hefði hann ekki verið búinn að neyta áfengis, en bar að undir lok veru sinnar í nefndum húsakynnum hefði hann verið undir miklum áfengisáhrifum, en hann lýsti ástandi sínu nánar þannig: „Miklu, miklu, miklum áhrifum eða? ... Ég var allavega kominn í tíu skot sko. ... ég var bara að drekka af stúti ... Smirnoff ... Ég var, ég var þú veist, ég var alveg með meðvitund sko. ... Ég man og man ekki. ... Þú veist þetta er, já ég get ekki orðað það öðruvísi sko.“

Ákærði sagði að þeir aðilar sem hann hafi verið í mestum samskiptum við í greint sinn hefðu verið íbúar hússins, þ.e. ..., C, en einnig vitnið E. Þá hefði komið við sögu unnusta C, þ.e. brotþoli, og bar hann að þau þrjú síðastnefndu hefðu einnig verið að neyta áfengis.

Ákærði skýrði frá því að um það leyti sem hann hefði verið að fara til síns heima hefðu nefndir þrjár aðilar verið í herberginu, en hann lýsti í lögregluskýrslunni aðstæðum og atvikum máls nánar þannig: „A (brotþoli) var í rúminu en ég, E og C vorum í tölvunni að tala um fótbolta. Við vorum að horfa á fótbolta. Og vorum bara að chilla og svo ætlaði ég að koma mér sko. ... Hún (brotþoli) var í fötum, hún var, hún var bara í fullum klæðnaði sko ... hún var ... svona ... að horfa á bara skjáinn. ... Og ég var búinn að segja bless við þau og svo fór ég að segja bless við (brotþola) og, og ég hafði víst eitthvað káfað á rassinum greinilega. Og ég man ekki alveg 100% eftir því sko, en ég, þú

veist hún er ekki að þessu þú veist út af engu sko, hún er ekki að kæra út af engu sko. En þetta á ekki að vera svona mikið mál sko. ...“ „Já ... ég var bara að fara út af því klukkan var orðin svo margt ..., hún var ábyggilega í kringum segjum milli tólf og þrjú.“

Nánar aðspurður um kæruefnið og um hið ætlaða athæfi hans gagnvart brotþola og þá hvort að hann hefði „strokið um rassinn á henni“ og þá enn fremur hvort hann myndi eftir því, svaraði ákærði: „Já. ... Nei ég man, þú veist svona já og nei. Þú veist ég er ekki viss hvað ég gerði. ... En, en já eins og ég segi, hún væri ekki að kæra mig ef ég hefði ekki gert eitthvað en þú veist eins og ég segi aftur þetta, þetta er þá bara eitthvað sem er hægt að tala um frekar en að kæra. ... Ég gerði ekki meir. Það er náttúrulega bara staðreynd sko.“

Aðspurður af rannsakara um viðbrögð brotþola í greint sinn og þá einnig hvort hann hefði komið frekar við hana svaraði ákærði: „Ekki neitt. Hún bara minnir mig, hún bara var þarna í rúminu ... þegar að ég fór heim sko.“

Ákærði skýrði frá því að hann hefði síðar fengið þær fregnir, og þá frá vitninu E, að eftir að hann hafði yfirgefið herbergið og nefnd húsakyni, þá hefði brotþoli farið inn á baðherbergið, en síðan komið þaðan út grátandi.

Ákærði greindi frá því að um leið og hann hefði verið kominn til síns heima umrædda nótt hefði hann fengið skilaboð frá brotþola, og sagði: „Ljót skilaboð ... hún var bara já segja ljóta hluti ... ég var bara mjög leiður ... og svekkur.“

Í nefndri yfirheyrsluskýrslu segir frá því að ákærði hafi sýnt rannsakara umrædd skilaboð í eigin símtæki, og staðfesti hann efni þeirra, sbr. kafla II, lið 5 hér að framan.

Ákærði skýrði einnig frá því að hann hefði rætt málefnið við ..., vitnið C, daginn eftir, en sagði að þegar það gerðist hefðu aðrir vinir hans verið búnir að „blokka“ á símann hans.

Við yfirheyrslu lögreglu var ákærða kynntur framburður brotþola. Hann staðfesti að nokkru frásögn hennar, þar á meðal að hann hefði þegar atvik gerðust verið að horfa með vitnunum C og E á tölvuskjá, og að þeir hefðu við þá iðju snúið baki að henni þar sem að hún hefði legið fullklædd í herbergisrúminu, og enn fremur að hann hefði skömmu áður en hann fór út úr herberginu staðið við hliðina á rúminu, en þá strokið yfir rass hennar í því skyni að athuga hvort að hún væri vakandi.

Aðspurður af rannsakara um þessi síðastgreindu orð brotþola sagði ákærði: „Ég var ekkert að þæla í því sko, hvort hún var vakandi eða ekki, hún, hún var, hún var meira að segja, þú veist svona tuttugu sekúndur áður en þetta gerðist þá var hún sjálf með

galopin augu að horfa á fótbolta með okkur.“

Við yfirheyrsluna var ákærða kynnt af rannsakara sú frásögn brotaþola, að eftir að hann hefði strokið yfir rass hennar hefði hún frosið, en að hann hefði þá nuddað kynfærasvæði hennar. Ákærði svaraði þessari frásögn og ásökun þannig: „Það er, það er eitthvað ýkt sko.“ Þá áréttaði ákærði neitun sína þegar honum var kynnt sú frásögn brotaþola að hann hefði viðhaft hið síðastgreinda athæfði í um 30 sekúndur og sagði: „Ekki alveg kynfæri sko. ... Bara rassinn.“ Þá kannaðist ákærði ekki við þá frásögn brotaþola að þegar hann hafi veitt því eftirtekt að hún var vakandi að þá hefði hann staðið upp, kveikt á eigin síma og farið að tala við strákana, en að hún hefði í framhaldi af því farið úr rúminu og lagt leið sína beinustu leið inn á baðherbergið. Ákærði sagði að hann hefði einfaldlega farið til síns heima, og bætti við: „Nei. Ég fór, ég fór bara heim bara. Ja núna kemur sko það bara ég man ekki. Nei ég man ekki sko. ... Ég var farinn út úr húsi áður en hún fór á klósettið sko.“

Ákærði staðfesti við lögreglu yfirheyrsluna efni áðurrakinna netsamskipta millum hans og brotaþola, en sagði nánar um efni þeirra: „Fyrst náttúrulega var ég að neita út af því að ég var bara fullur heima hjá mér sko. Ég vissi ekkert hvað var í gangi. Og já en svo hringdi ég náttúrulega í þau daginn næsta, baðst afsökunar og játaði ... Að ég hafi strjúkt á, strjúkt á rassinn á henni.“

2. Við upphaf yfirheyrslu brotaþola hinn 18. ágúst 2022 var af hálfu rannsakara lögreglu vísað til fyrri skýrslugjafar hennar, sem hafði misfarist vegna galla í hljóðupptöku tveimur dögum fyrr. Rannsakari upplýsti brotaþola um að hann hefði skráð niður minnisatriði um hina fyrri skýrslugjöf, sem hann myndi styðjast við. Því til viðbótar vísaði rannsakari til rissteikningar sem brotaþoli hafði áður gert, og þá um aðstæður í herberginu að [...].

Við síðari skýrslutöku hjá lögreglu skýrði brotaþoli frá atvikum máls í vinateitinu á heimili þáverandi unnusta síns, vitnisins C, og bar að um kl. 03:00-03:30, aðfaranótt 14. ágúst nefnt ár, þegar nær allir gestir hefðu verið farnir úr teitinu, hefði hún verið í herbergi unnusta síns á neðri hæð húseignarinnar, ásamt unnustanum og vitninu E, en einnig frænda unnustans, þ.e. ákærða. Hún sagði að er þetta gerðist hefði hún vegna þreytu legið fyrir, fullklædd í rúminu, og þá á hægri hliðinni, en verið vakandi þrátt fyrir að hún hefði verið með lokuð augun. Hún bar að þegar þetta gerðist hefðu vitnin C og E verið að horfa á tölvuskjá, en ákærði aftur á móti staðið við rúmið hjá henni. Hún lýsti athæfi ákærða og eigin viðbrögðum nánar þannig: „Síðan fer frændi kærasta míns

(ákærði) að káfa á mér á meðan C minn og E hans sitja í tölvunni og snúa baki í okkur. Hann strýkur á mér rassinn til að athuga hvort að ég sé sofandi. ... Það voru engin viðbrögð því ég fraus bara ... Mér leið bara ógeðslega ... Seinna fer hann að þrýsta, þukla á og káfa á klofinu á mér, bara kynfærin. ... Hann hættir eftir um það bil hálfu mínútu. Ég hreyfi mig og hann tekur eftir að ég sé vakandi og stígur í burtu frá mér og byrjar að tala við strákana aftur á meðan að ég fer inn á það og bíð eftir að hann er farinn. Eftir að hann er farinn þá fer ég fram og segi öllum sem að eru heima frá því hvað gerðist.“

Brotapoli áréttaði við skýrslugjöfina hjá lögreglu, að þegar ákærði hefði viðhaft nefnt athæfi hefði hún verið með lokuð augun, en sagði jafnframt að hún ætlaði að unnusti hennar, vitnið C, en einnig vitnið E, hefðu ekki séð verknaðinn þar sem þeir hefðu þá að líkindum brugðist við. Brotapoli áréttaði enn fremur að eftir að hún opnaði augun í greint sinn hefði ákærði fært sig frá henni og kveikt á eigin síma, en í framhaldi af því hafið fyrrnefndar samræður við fyrrnefnd vitni. Hún hafi legið kyrr stutta stund, en síðan farið inn á þaðherbergið fyrir framan herbergið. Þar hefði hún beðið um stund, og við þær aðstæður hafi hún m.a. sent systur C, vitninu D, símaskilaboð, en vísaði til þess að á þeirri stundu hefði D verið í herberginu við hliðina á vistarverum C. Brotapoli áréttaði að eftir að hún hefði heyrt að ákærði lokaði útidyrnunum hefði hún farið út úr þaðherberginu, en þá strax hitt fyrir vitnið E, sem hefði haft uppi þá fyrirspurn hvort ekki væri allt í lagi með hana. Í beinu framhaldi af því hefði hún farið á ný inn í herbergið til unnusta síns, C, og skýrt honum frá athæfi ákærða, en bar að í framhaldinu af því hefðu vitnin D D og móðir þeirra [...], vitnið F, komið að máli við hana.

Brotapoli staðhæfði að hún hefði ekki verið undir áhrifum áfengis þegar atburður þessi gerðist, en hún treysti sér ekki til að segja til um hvort unnusti hennar, vitnið C, hefði verið undir áhrifum áfengis, en bar að svo hefði hins vegar verið með vitnið E, og ætlaði að svo hefði einnig verið ástatt með ákærða.

Við lögregluþyrheyrsluna staðhæfði brotapolí að ákærði hefði síðar þennan sólarhring sent henni netsímaskilaboð og staðfesti að því leyti efni þeirra, sbr. það sem rakið var í kafla II, lið 5 hér að framan. Brotapoli sagði að enn síðar þennan sama dag hefði ákærði hringt til vitnisins D, sem hefði þá reynt að fá fram játningu hans á hinu fyrrgreinda athæfi hans. Brotapoli kvaðst einnig hafa rætt við ákærða í þessu símtali, en sagði að hann hefði þá eigi viðurkennt að hafa viðhaft umrædda háttsemi, en í þess stað haft á orði að það hefði verið leitt að hún hefði tilkynnt málið til lögreglu.

3. Vitnið E skýrði frá því í símayfirheyrslu lögreglu að það hefði ekki fylgst með samskiptum ákærða og brotþola umrædda nótt þrátt fyrir að hafa verið í sama herbergi og þau, þ.e. herbergi vitnisins C. Vitnið sagði að þetta hafi verið sökum þess að það hefði þá verið að horfa á tölvuskjá ásamt C, jafnframt því sem þeir hefðu átt í samræðum. Vitnið sagði að er þetta gerðist hefði það haft vitneskju um að brotþoli hafði komið sér fyrir í rúmi í herberginu, en aðspurt treysti það sér ekki til að segja nánar um stöðu hennar, enda hefði það snúið baki að rúminu. Þá treysti vitnið sér ekki til að segja til um nákvæma staðsetningu ákærða í herberginu.

Við skýrslugjöfina staðfesti vitnið að umrætt kvöld og nótt hefði verið haldið vinateiti í húseigninni og bar að það hefði verið nokkuð ölvað þegar líða tók á nóttina.

Við skýrslugjöfina skýrði vitnið frá því að það hefði séð brotþola „strunsa hratt út úr herberginu“ og þá inn á baðherbergið. Vitnið sagði að um kl. 04:00 hefði það verið ætlan þess að fara inn á baðherbergið, þar sem það hefði ætlað að fara að ganga til náða, en þurft að bíða þar fyrir utan, en í framhaldi af því hefði brotþoli komið út af baðherberginu og þá verið grátandi. Vitnið kvaðst hafa innt brotþola eftir því hverju þetta sætti, en hún engu svarað, en í þess stað hraðað sér inn í fyrrgreint herbergi, til vitnisins C. Vitnið sagði að vitnið D hefði fljótlega komið á vettvang, og þá út úr eigin herbergi. Vitnið kvaðst í framhaldi af þessu hafa farið að sofa og því fyrst heyrt af hinu ætlaða kynferðislega athæfi ákærða daginn eftir.

4. Vitnið D greindi frá því í símaskýrslu hjá lögreglu að það hefði tiltölulega snemma umrædda nótt farið að sofa í eigin herbergi að [...], en vaknað um kl. 03:00 og bar að það hefði verið um það leyti sem það hefði séð í eigin síma að brotþoli hafði sent til þess símaskilaboð.

Vitnið sagði að fyrir þessa nótt hefði verið haldið vinateiti þarna á heimilinu og bar að sumir þeirra sem þátt tóku hefðu neytt áfengis.

Vitnið sagði að efni þeirra símaskilaboða, sem brotþoli hefði sent því, hefði verið á þá leið að ákærði „hafi snert hana.“ Vegna þess kvaðst vitnið hafa brugðist fljótt við og farið til brotþola þar sem hún hefði verið í sameiginlegu herbergi hennar og bróður þess, vitnisins C, og í framhaldi af því hlýtt á frásögn hennar. Vitnið sagði að frásögn brotþola hefði verið á þá leið að ákærði hefði strokið henni á rassi og á kynfærasvæði. Vitnið kvaðst eftir þetta hafa reynt að hughreysta brotþola.

Vitnið skýrði frá því að ákærði hefði verið farinn úr húseigninni þegar það kom á vettvang í greint sinn, en bar að hann hefði margsinnis reynt að hringja og þá til þess að ná sáttum í máli þessu. Í því samhengi vísaði vitnið til þess að allur vinahópur þeirra hefði mjög fljótlega fengið fregnir af hinu ætlaða athæfi hans. Vitnið greindi frá því að ákærði hefði í símaviðræðum þeirra tveggja haft á orði að hann hefði vitneskju um að hann hefði snert brotþola. Vitnið kvaðst enn fremur hafa haft tal af ákærða daginn eftir og bar að hann hefði þá verið mjög leiður og bar að hann hefði viðurkennt að hafa snert brotþola á kynferðislegan hátt.

5. Vitnið C greindi frá því í símaskýrslu hjá lögreglu að umrætt kvöld hefði það verið að spilað tölvuleik í eigin tölvu í fyrrnefndu herbergi á neðri hæðinni að [...], við ákærða, sem þá hefði verið á eigin dvalarstað. Vitnið kvaðst hafa neytt áfengis þegar þetta gerðist og bar að það hefði boðið ákærða að koma til sín í herbergið, sem hann hefði þegið, og var það ætlan þess að hann hefði verið kominn á vettvang um kl. 22:00. Vitnið skýrði frá því að fleiri gestir hefðu verið á neðri hæð húseignarinnar umrætt kvöld og nótt, en bar að gestirnir hefðu að mestu haldið til í herbergi systur þess, vitnisins D. Þá kvað vitnið flesta gestina hafa verið farna úr húseigninni um kl. 01-02:00.

Vitnið kvaðst sem fyrr hafa haldið kyrru fyrir í eigin herbergi ásamt ákærða og vitninu E, enda hefðu þeir enn verið að horfa á og spila tiltekinn tölvuleik. Vitnið sagði að við þessa iðju hefði það notað svonefnd „headphone.“

Vitnið skýrði frá því að auk þeirra þriggja hefði unnusta þess, brotþoli, verið hjá þeim í herberginu, en sagði að sökum þreytu hefði hún haldið kyrru fyrir í rúminu, auk þess sem hún hefði eitthvað farið inn á baðherbergið. Vegna þessara síðustu orða vitnisins við skýrslugjöfina heyrir í hljóðupptöku að rannsakari spyr hvort brotþoli sé að hlýða á skýrsluna og sé að segja vitninu til. Samkvæmt hljóðupptökunni svaraði vitnið spurningum rannsakarans neitandi.

Við lögreglufirheyrsluna greindi vitnið frá því að vegna fyrrnefndrar iðju, en einnig vegna lýstra aðstæðna í nefndu herbergi, hefði það í raun ekki fylgst með neinu fyrir utan tölvuskjáinn. Vitnið kvaðst því ekki hafa veitt því eftirtekt þegar allir hinir fyrrnefndu aðilar fóru og það varð þannig eitt eftir í herberginu. Vitnið kvaðst þannig ekki hafa heyrt hvort ákærði kastaði til þess kveðju áður en hann fór út. Vitnið kvaðst hins vegar hafa veitt því eftirtekt þegar brotþoli hefði komið inn í herbergið, og bar að hún hefði þá verið mjög miður sín, grátandi og skjálfandi. Vitnið kvaðst í framhaldi af

Þessu hafa hlýtt á frásögn brotaþola um að ákærði hefði snert hana kynferðislega, og sagði þar um: „... eina sem ég man, ... hún útskýrði fyrir mig var að hann svona káfaði yfir bara kynfæri hennar, bara niðri.“ Vitnið sagði að það næsta sem gerðist hefði verið að systir þess, vitnið D, en einnig [...], vitnið F, hefðu komið á vettvang.

Vitnið greindi frá því að síðar þessa nótt, um kl. 04:00, hefði það hlýtt boði ákærða og því farið á dvalarstað hans, en í framhaldi af því kvaðst það hafa hlustað á orðræðu hans, og þar á meðal að hann hefði ekki skilning á því hvað hefði gerst og þá ekki um það sem aðrir hefðu verið að bera upp á hann. Vitnið kvaðst hafa dvalið með ákærða í um 30-45 mínútur, en þá farið á ný á eigið heimili, en eftir það haldið áfram að ræða við brotaþola og fyrrnefnda ættingja.

Vitnið skýrði frá því að það hefði hitt ákærða að máli fáeinum dögum eftir ofangreinda atburði. Vitnið sagði að í það skiptið hefði ákærði haft á orði að hann hefði hagað sér heimskulega. Vitnið staðhæfði jafnframt að ákærði hefði í þessari orðræðu játað „... að hafa gert þetta.“ Vitnið kvaðst ekki hafa innt ákærða frekar eftir þýðingu þessara síðastgreindu orða hans.

6. Vitnið B, móðir brotaþola, lýsti atvikum máls í skýrslu hjá lögreglu, þar á meðal eigin aðkomu með sama hætti og rakið var í kafla II, liðum 6 og 7 hér að framan. Vitnið kvaðst m.a. hafa farið ásamt brotaþola á lögreglustöðina á [...], og áréttaði að tilefnið hefði verið símtal þeirra mæðgna skömmu áður þar sem brotaþoli hefði greint frá því að strákur hefði umrædda nótt lagst við hlið hennar og snert hana.

7. Vitnið H, móðir ákærða, skýrði frá því í yfirheyrslu hjá lögreglu að sonur þess hefði sagt sér frá því að sakir hefðu verið bornar á hann, þ.e. að hann hefði snert brotaþola. Vitnið sagði að ákærði hefði verið miður sín vegna þessa og af þeim sökum hefði það m.a. leitað aðstoðar hjá frænda hans, vitninu C, þegar ákærði hefði rokið á dyr. Vitnið kvaðst hafa lagt það til að aðilar reyndu sættir í málinu.

8. Rannsóknargögn lögreglu voru send héraðssaksóknara til ákvörðunar þann 6. október 2022. Ákæra máls þess var eins og áður hefur komið fram gefin út 10. nóvember 2022, og var hún ásamt gögnum lögð fram í dómi við þingfestingu málsins þann 29. sama mánaðar.

Við meðferð málsins fyrir dómi lögðu sækjandi fyrir hönd ákærvaldsins en einnig réttargæslumaður brotaþola fram frekari sýnileg gögn. Á meðal þessara gagna eru ljósmyndir og grunnteikning af íbúðarhúsinu að [...], en einnig afrit af þeirri rissmynd, sem brotaþoli hafði gert við yfirheyrslu hjá lögreglu, af fyrrnefndu herbergi. Loks lagði sækjandi fram bréf og vottorð þriggja náms-, starfs- og þroskaþjálfara, sem allir starfa við [...], en brotaþoli hafði um tíma verið í beinum samskiptum við þá, þ.e. þann 25. ágúst og 8. nóvember 2022, en einnig í janúar 2023.

9. Í vottorði I, náms- og starfsráðgjafa, dagsettu 7. desember 2022, segir m.a. frá því að brotaþoli hafi í viðtali þann 25. ágúst lýst því að hún hefði mátt þola kynferðislegt ofbeldi, þ.e. kynferðislega snertingu/káf, án alls samþykkis, þar sem farið hefði verið yfir hennar mörk. Í vottorðinu er tekið fram að vegna vanlíðunar hafi brotaþola verið vísað í stuðningsviðtöl til félagsráðgjafa fyrrgreindrar skólastofnunar.

10. Í vottorði J félagsráðgjafa, dagsettu 9. desember 2022, segir m.a. frá því að brotaþoli hafi í viðtali þann 8. september nefnt ár greint frá því að hún hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi af hálfu ákærða, í ágústmánuði, og að hann hefði, án hennar vilja og samþykkis, farið yfir hennar mörk, með kynferðislegum snertingum. Um hafi verið að ræða eitt afmarkað atvik. Í vottorðinu segir frá því að brotaþoli hafi þegið stuðningsviðtöl þar sem unnið hafi verið með tilfinningar hennar og líðan. Ráðgjafinn lætur það álit í ljós að frásögn brotaþola og líðan í kjölfar hins ætlaða atburðar hafi verið trúverðug.

11. Í vottorði K, ráðgjafa og þroskaþjálfara, er m.a. greint frá því að brotaþoli hafi að eigin ósk mætt í stuðningsviðtöl þann 11. og 25. janúar 2022; „... þar sem kæra hennar vegna kynferðisofbeldis/áreitni væri í gangi og fylgdi því mikið álag.“ Tekið er fram að brotaþoli hafi lýst framtaksleysi og félagsfælni, en einnig hræðslu- og þunglyndiseinkennum og að hún hafi þegið lyfjameðferð vegna andlegrar vanlíðunar. Í niðurlagi vottorðsins segir um skólasókn og námsframvindu brotaþola: „Við skoðun á hlutfalli mætingar má sjá að þær voru yfir 90% á fyrstu önnum skólagöngu hennar frá hausti 2021 til haust 2022, en eftir það hefur mætingarhlutfall hennar lækkað og er raunmæting hennar á haustönn 2022 aðeins 68%. Einnig má sjá að einkunnir hennar voru til fyrirmyndar en hafa aðeins lækkað, sérstaklega í íþróttum og má e.t.v. rekja það til ótta hennar við að mæta í íþróttahús á sama tíma og meintur gerandi.“

IV.

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi.

1. Ákærði neitaði sök við aðalmeðferð málsins, líkt og hann hafði áður gert við þingfestingu. Jafnframt hafnaði ákærði einkaréttarkröfu.

Fyrir dómi skýrði ákærði frá atvikum máls að nokkru leyti á sama veg og hann hafði áður gert hjá lögreglu, og þá að því er varðaði komu hans á neðri hæð húseignarinnar að [...], laugardagskvöldið 13. ágúst sl., rétt fyrir miðnættið, á milli kl. 23 og 24, og síðan eigin viðveru í herbergi ..., vitnisins C. Sagði ákærði frá því að þegar þetta gerðist hefðu nokkrir þeirra gesta sem voru í því teiti sem þarna var haldið enn verið húseigninni, en þó fljótlega farið. Ákærði staðhæfði jafnframt að allir þeir sem voru í teitinu í umrætt sinn hefðu neytt áfengis.

Ákærði skýrði frá því að hann hefði lengst af haldið til í herbergi ..., en þar hefði verið með þeim vitnið E, enda hefðu þeir þrír verið „að spila fótboltaleikinn Fífa í tölvunni.“ Ákærði staðhæfði að á meðan hann dvaldi í nefndum vistarverum hefði hann aldrei farið upp í það rúm sem þar var til staðar, og sagði: „Nei, ég var bara standandi.“ Ákærði sagði að aftur á móti hefði hann séð brotþola koma sér fyrir í nefndu rúmi þegar líða tók á nóttina.

Ákærði áréttaði fyrri frásögn sína hjá lögreglu þess efnis að hann hefði neytt áfengis á meðan á dvöl hans í herberginu stóð, og sagði að það hefðu verið um 8 skot af sterku áfengi, en af þeim sökum hefði hann orðið „pínu ölvaður.“ Ákærði staðhæfði að aðrir nærstaddir hefðu drukkið meira af áfengi en hann, a.m.k. vitnið E, en um áfengisneyslu þáverandi unnustu C, þ.e. brotþola, sagði hann: „Já, hún var líka búin að drekka svolítið mikið sko.“ Nánar aðspurður kvaðst ákærði hafa séð brotþola neyta áfengis í herbergi frænku hans, vitnisins D, þar sem hún hefði helst haldið sig.

Ákærði skýrði frá því að brotþoli hefði komið í herbergi unnusta síns, vitnisins C, á milli kl. 02 og 03 umrædda nótt, og bar að um það leyti hefði hann einmitt verið að búa sig til heimferðar og sagði: „Hún var að athuga hvað við vorum að gera, en rotaðist bara í rúminu. ... Og ég var að segja bæ við E og C hjá tölvunni og svo sá ég hana (brotþola) kreppta saman í rúminu, eins og það væri eitthvað að þannig að ég greip utan um mjöðmina og var eitthvað að hrista hana til eitthvað, ... þínu ... bara að tékka á hvort að væri ekki lagi með hana. ... ég kallaði bara nafnið hennar og sagði bara; „Halló“ ... Og svo bara var hún ekkert að svara og var ekkert að opna augun ... þegar ég var að kalla

á hana. ... Hún bara lá þarna uppi í rúmi, ... með sængina þínu yfir sig ... á milli hnjáa og mittis ... og var eiginlega hálf sofandi sko ... hún var í buxum, hún var í bol, hún var bara í öllum fötum sko.“

Nánar aðspurður neitaði ákærði þeirri frásögn brotaþola að hann hefði í greint sinn komið við líkama hennar á kynferðislegan hátt í um hálfu mínútu. Ákærði staðhæfði að fyrrgreind snerting hans hefði aðeins varað í um 5 sekúndur, og áréttaði að hann hefði ekki strokið yfir rass brotaþola og þá ekki strokið yfir og káfað á kynfærum hennar, utan klæða.

Ítrekað aðspurður um tilganginn með því að grípa um mjöðm brotaþola í greint sinn og hvort hann hefði á verknaðarstundu haft áhyggjur af henni svarði ákærði: „Svo að hún myndi vita hver þetta væri að koma við hana. Ég var bara að tékka á henni sko. ..., já, ég hafði áhyggjur. ... Ég var ekkert að pæla því hvort að hún væri vakandi eða ekki, ég var bara að tékka á henni ... og ég vildi bara fá svar frá henni. Hún var bara þarna, liggjandi uppi í rúm, með lokuð augun ... Sama þótt ég kallaði á hana eða hristi hana aðeins eitthvað til.“ Ákærði áréttaði að hann hefði í raun ekki verið að reyna að vekja brotaþola í greint sinn, enda hefði tilgangur hans aðeins verið að ná einhverju sambandi við hana þar sem hún hefði verið búin að drekka svolítið mikið af áfengi, en sagði einnig: „Það var bara til þess að kveðja hana.“ Ákærði áréttaði að þegar atvik máls gerðust hefði brotaþoli aðeins verið búin að vera í umræddu herbergi í skamman tíma og nefndi hann í því sambandi um 5 mínútur.

Fyrir dómi vísaði ákærði til þess að hann hefði þekkt brotaþola vel þegar atvik máls gerðust, enda hefði hún þá verið unnusta ..., vitnisins C.

Ákærði lét þau orð falla, eftir að hann hafði verið minntur á frásögn brotaþola fyrir dómi, að greinilegt hafi verið að hún hefði borið haturshug til hans, en hafði nánar aðspurður ekki eiginlegar skýringar á því.

Ákærði skýrði frá því að þegar hann átti í ofangreindum viðskiptum við brotaþola hefðu vitnin E og C verið í tölvunni, en samhliða hefðu vitnin af og til átt í samræðum við hann og bar hann jafnframt að undir lok eigin veru í herberginu hefði hann þannig staðið á milli vitnanna og rúmsins, þar sem brotaþoli hafðist við. Hann staðhæfði að vitnin hefðu því ekki séð þegar hann greip til brotaþola með áðurlýstum hætti, þar sem þau hefðu þá snúið baki sínu að herbergisrúminu. Ákærði kvaðst hins vegar ætla að vitnin hefðu átt að heyra þegar hann kallaði nafn brotaþola í greint sinn, en ætlaði þó að þau hefðu í raun ekki greint það. Ákærði staðhæfði að hann hefði kvatt fyrrgreind vitni þegar

hann fór út úr herberginu, og lýsti hann því nánar þannig: „Ég pikkaði eitthvað í ... og benti á hana bara, lét hann vita að hún (brotapoli) væri þarna, vegna þess að hann var of upptekin í tölvunni og sá ekki þegar hún kom.“

Ákærði skýrði frá því að hann hefði ekki séð brotþola fara úr rúminu og fara inn á baðherbergið áður en hann fór út úr herberginu í greint sinn. Ákærði staðhæfði að brotþoli hefði þvert á móti legið fyrir í rúminu þegar hann yfirgaf herbergið.

Fyrir dómi kannaðist ákærði við að hafa fengið símaskilaboð frá brotþola eftir að hann var kominn á dvalarstað sinn umrædda nótt, og lýsti hann þeirri atburðarás með líkum hætti og vikið var að í áðurrakinni lögregluýfirheyrslu. Þá staðfesti ákærði að umrædda nótt hefði nefndur frændi hans, vitnið C, komið á dvalarstað hans, en þá aðeins staldrað við í stutta stund. Ákærði sagði að í þessari heimsókn hefði hann haft af því spurnir að brotþoli hefði farið að hágráta eftir að hann yfirgaf húseignina [...], og að hún hefði lagt leið sína inn á baðherbergið, en bar að vitnið hefði í raun ekki viljað ræða málefnið við hann. Ákærði kvaðst vegna þessa hafa ályktað að vitnið hefði í raun ekki haft vitneskju um atvik máls.

Ákærði skýrði frá því að hann hafi verið mjög leiður vegna alls þessa máls og bar að hann hefði af þeim sökum reynt að eiga í símasamskiptum við vini og kunningja, en án árangurs þar sem að brotþoli hefði þá þegar verið búinn að snúa þeim öllum gegn honum.

Ákærði skýrði frá því að hann hefði á ný rætt við ..., vitnið C, um atvik máls umrædda nótt, og þá um það sem „átti að hafa gerst þarna.“ Ákærði áréttaði að þegar þessar samræður fóru fram hefði hann verið mjög leiður og bar að hann hefði haft á orði að réttast væri að aðilar töluðu saman í stað þess að kæra. Ákærði kvaðst þegar þarna var komið sögu einnig hafa rætt málefnið lauslega við móður sína, og m.a. upplýst hana um að þær ásakanir sem á hann hefðu verið bornar væru ekki sannar.

Ákærði skýrði frá því að eftir nokkrar árangurslausar tilraunir hefði hann náð símasambandi við ..., vitnið D. Ákærði áréttaði að á þeirri stundu hefði hann verið niðurbrotinn vegna þeirra orða sem vinir hans hefðu látið falla um ætlaðar gjörðir hans gagnvart brotþola. Ákærði sagði að vegna þessa alls hefði hann tekið þá ákvörðun að biðjast afsökunar, og sagði þar um: „Bara fyrir að vera ég sko, ég veit það ekki. Hún var búin að snúa öllum vinunum mínum á móti mér. Ef það var eitthvað sem ég hafði átt að hafa gert þarna þá var það ekki í kynferðislegum tilgangi sko. ... Ég var bara mjög miður mín. ... Ég kannski braut á henni samkvæmt henni, en miðað við hvað ég man eftir að

þá ... ég geri það ekki, ekki í kynferðislegum tilgangi.“ Ákærði kvaðst á hinn bóginn ekki hafa velkst í vafa um að brotþola hefði liðið illa.

Ákærði staðhæfði að ofangreindar aðstæður og atvik hefðu gert það að verkum að hann hefði ranglega viðurkennt í yfirheyrslu hjá lögreglu að hafa strokið yfir rass brotþola.

Fyrir dómi var af hálfu ákærvalds farið yfir áðurrakta skýrslu ákærða hjá lögreglu og hann m.a. inntur eftir ætlaðri misvísandi frásögn og þá miðað við skýrslugjöf hans fyrir dómi. Ákærði vísaði af því tilefni til áðurrakinnna skýringa og þá um að hann hefði í raun ekki verið að segja sannleikann í yfirheyrslunni hjá lögreglu, en sagði jafnframt: „Ég bara man ekki, þegar ég var í skýrslutökunni þá bara man ég ekki eftir kvöldinu sko. Ég man ekkert allt.“ Ákærði staðhæfi að í raun hefði hann munað atvik máls aðeins betur síðar, sbr. frásögn hans fyrir dómi. Ákærði skýrði þau orð sín við yfirheyrsluna hjá lögreglu, að hann hefði verið með eftirsjá, að með því orðalagi hefði hann í raun átt við að hann hefði séð eftir því að hafa þegið heimboðið að [...]umrætt kvöld, að hann hefði séð eftir því að hafa verið að drekka með umræddu fólki og að hann hefði jafnframt séð eftir því að hafa verið vinur þeirra.

2. Brotþoli skýrði frá atvikum máls aðfaranótt 14. ágúst sl. í öllum meginatriðum á sama veg og hún hafði áður gert í vitnaskýrslu hjá lögreglu, þann 18. ágúst sama ár. Brotþoli greindi þannig frá því að þegar atvik máls gerðust hefði hún verið búsett að [...], og þá í herbergi fyrrverandi unnusta síns, vitnisins C. Hún staðfesti jafnframt að umrætt kvöld og nótt hefði verið haldið vinateiti og bar að auk unnustans, vitnisins C, hefðu tekið þátt systir hans, vitnið D, en einnig [...]þeirra systkina, vitnið E. Vitnið nefndi fleiri aðila, og bar að á meðal gesta hefði verið ákærði í máli þessu.

Brotþoli greindi frá því að þeir sem tóku þátt í teitinu hefðu neytt áfengis, að hún ætlaði sterkra drykkja. Hún kvaðst hins vegar ekki hafa neytt áfengis eða annarra vímuefna í greint sinn. Nánar aðspurð kvaðst hún ekkert geta sagt til um áfengisdrykkju ákærða, og vísaði til þess að hún hefði í raun ekki verið í samskiptum við hann, og m.a. ekki haft vitneskju um hvenær hann kom í húseignina og lagði leið sína í herbergi hennar og vitnisins C. Hún kvaðst ætla að vitnin E og C hefðu verið ölvuð þessa nótt.

Brotþoli skýrði nánar frá eigin gjörðum í teitinu á þann veg að hún hefði mestmegnis haldið til í svefnherbergi vitnisins D, en fært sig yfir í eigið herbergi og nefnds unnusta um kl. 01:00, en sagði að það hefði verið um það leyti sem gestirnir voru

að yfirgefa teitið. Hún sagði að í raun hefðu allir gestirnir farið nema ákærði og bar að hann hefði haldið sig í herbergi hennar og vitnisins C, og þá ásamt vitninu E.

Brotapoli greindi frá því að eftir að hún hafði fært sig í nefnt herbergi hefði hún spjallað við nefnda pilta, en að auki verið þar í eigin síma. Hún sagði að um kl. 03:00 hefði hún verið orðin þreytt, og af þeim sökum lagt sig í rúminu í herberginu. Hún sagði að á þeirri stundu hefðu vitnin C og E verið í tölvunni, en sagði einnig: „Á meðan ég lá á rúminu með lokuð augun fann ég fyrir hendinni á X (ákærða) snerta vinstri rasskinnina mína og síðan káfa á kynfærum í um hálfu mínútu og þegar hann loksins hætti þá fór ég inn á bað og beið þangað til hann var farinn og sagði síðan öllum frá því sem hann gerði.“

Brotapoli skýrði frá því að þegar hinn síðastgreindi atburður gerðist hefði hún verið fullklædd, þ.e. í buxum og stuttermagabol, og legið á hægri hliðinni, en af þeim sökum hefðu fætur hennar verið saman, en þó aðeins dregnar að líkamanum. Vísaði brotapoli til þess að í nefndri líkamsstöðu hefði hún getað séð á tölvuskjáinn, sem strákarnir hefðu verið að horfa á, en í því samhengi staðfesti hún gerð og efni fyrrgreindar rissmyndar, sem hún hafði gert hjá lögreglu.

Ítrekað aðspurð skýrði brotapoli frá því að hún hefði fundið fyrir áðurgreindum handarhreyfingum ákærða, og andmælti að því leyti framburði hans, og þar á meðal að hann hefði komið við mjöðm hennar, og sagði: „Ég var glaðvakandi, allan tímann, ... og það er munur á mjöðm og rassi.“

Nánar aðspurt staðhæfði brotapoli að ákærði hefði strokið einu sinni yfir rasskinnina, en sagði um eigin viðbrögð: „Ég bara frýs, ég vissi ekki hvað ég átti að gera.“ Hún hefði því legið kyrr þegar ákærði þuklaði á kynfærum hennar utanklæða. Hún sagði að ákærði hefði hætt þessum snertingum áður en hún hreyfði sig, en bar að eftir það hefði hún gefið í skyn að hún væri vakandi. Hún sagði að ákærði hefði í kjölfar þessa tekið upp eigin síma, tendrað skjáljósið og lýst með því í andlit hennar, og hélt áfram: „Ég man ekki meira, ég man bara að ég endaði með því að labba inn á bað.“ Hún staðhæfði að þegar hún fór út úr herberginu hefði ákærði verið að tala við vitnin E og C.

Brotapoli skýrði frá því að eftir að hún hafði komið sér fyrir á baðherberginu hefði hún byrjað að gráta, en að auki hefði hún á þeirri stundu átt erfitt með andardrátt og staðhæfði að þetta ástand hennar hefði komið til vegna lýstrar hegðunar ákærða. Hún kvaðst við nefndar aðstæður hafa sent frá sér símaskilaboð á „snapchat“, fyrst til nafngreindrar vinkonu, en í beinu framhaldi af því álíka skilaboð til systur C, vitnisins

D, og sagði að efni þeirra hefðu verið svohljóðandi: „X káfaði á mér.“ Vegna eigin uppnáms hefði hún ekki getað lýst háttsemi ákærða frekar.

Brotapoli kvaðst aðspurð ekki alveg geta sagt til um hversu lengi hún hafðist við á baðherberginu, en bar að hún hefði fyrst farið þaðan út þegar hún heyrði að ákærði hafði yfirgefið húseignina, og nefndi í því sambandi 15-20 mínútur. Hún kvaðst eftir þetta hafa farið í eigið herbergið á ný, og þá sagt unnusta sínum, vitninu C, frá því sem gerst hefði, en þá á sama hátt og hún hafði gert í fyrrnefndum símaskilaboðum. Hún sagði að við þessar aðstæður hefði vitnið komið á vettvang, en skömmu síðar einnig fyrrnefnd móðir systkinanna, vitnið F. Hún hafi þannig sagt öllum nærstöddum frá því sem gerst hafði, og þá með svipuðum hætti og áður, þ.e. með almennum orðum. Vitnið bar að vitnin hefðu „reynt að róa hana niður“ enda hefði henni liðið „mjög óþægilega“.

Fyrir dómi staðfesti brotapolí að hún hefði átt í áðurröktum netsamskiptum við ákærða, og sagði að hann hefði þá neitað verknaðinum. Hún lýsti að öðru leyti atvikum máls með líkum hætti og fram kom í áðurrakinni lögregluskýrslu, m.a. varðandi samskipti við eigin móður, för þeirra á lögreglustöðina, en einnig um hin skammvinnu samskipti við ákærða eftir að vitnið D hafði verið í samskiptum við hann, og þá í þeim tilgangi að fá hann til þess að játa verknaðinn. Hún staðhæfði að það hefði hann í raun gert í símtali þeirra, og þá með þeim hætti að hann hefði játað að hafa káfað á henni, en þó án þess að biðjast beinlínis afsökunar. Hún sagði að ákærði hefði í þess stað haft á orði að álíka atburður myndi aldrei gerast aftur. Brotapoli staðhæfði að fyrir þennan atburð hefði verið vinskapur með henni og ákærða.

Fyrir dómi greindi brotapolí frá því að hún hefði haft vitneskju um að fyrrgreind vitni hefðu verið kvödd til skýrslugjafar hjá lögreglu, og bar að þegar það gerðist hefði hún verið búin að segja þeim öllum frá verknaði ákærða, en að öðru leyti ekki haft vitneskju um framburði þeirra. Hún kvaðst ekki hafa hlýtt á frásögn fyrrverandi unnusta síns, vitnisins C, þegar hann gaf símaskýrslu hjá lögreglu og andmælti því að hún hefði reynt að hafa áhrif á framburð hans eða annarra vitna.

Fyrir dómi staðhæfði brotapolí að lýst háttsemi ákærða hefði þegar frá leið ekki haft mikil áhrif á hana, og þá ekki félagslega, og bar að hún hefði m.a. haldið áfram framhaldskólanámi sínu, þrátt fyrir vanlíðan og þá helst vegna ótta við að hitta þar ákærða fyrir. Að því leyti hefði háttsemi ákærða haft áhrif á skólasókn hennar, en því til viðbótar hefði hún fundið fyrir mikilli reiði- og tómléikatilfinningu, en einnig þunglyndi. Vegna þess hefði hún þegið viðeigandi lyf. Þá hefði hún þegið aðstoð hjá sérfróðum

starfsmönnum í eigin skólastofnun, og sagði jafnframt frá því að hún stefndi að því að þiggja sálfræðiaðstoð þegar henni stæði það til boða. Hún sagði að sambandi hennar og vitnisins C hefði lokið í nóvembermánuði 2022, en bar að þar hafi fleira komið til en lýst háttsemi ákærða.

3. Vitnið E, fæddur árið [...], áréttaði frásögn sína hjá lögreglu, þ. á m. að það hefði tekið þátt í vina- og ættingjateiti á eigin heimili að [...] í umrætt sinn og að á meðal gesta hefði verið ákærði. Vitnið kvaðst í fyrstu hafa verið í eigin herbergi, en síðan að mestu haldið til í herbergi vitnisins C og þáverandi unnustu hans, brotaþola. Vitnið sagði að eftir miðnættið hefði það tekið þátt í tilteknum tölvuleik ásamt C og ákærða, og bar að þeir hefðu þá jafnframt allir neytt áfengis. Vitnið kvaðst hafa verið miðlungs ölvað þegar þetta gerðist, og staðhæfði að líkt á hefði verið komið með nefndum aðilum. Vitnið staðhæfði að í greint sinn hefði brotaþoli einnig verið að neyta áfengis, en nánar aðspurt treysti það sér ekki til að segja til um ölvunarástand hennar, og sagði m.a. um það atriði: „Í minningu minni finnst mér hún hafa verið að drekka þetta kvöld.“ Þá kvaðst vitnið í raun ekki geta tjáð sig frekar um ölvunarástand vitnisins C og ákærða.

Vitnið skýrði frá því að í umræddu í herbergi hefði brotaþoli einnig hafst við og sagði að hún hefði bæði legið og setið í rúminu á þeim tíma sem það fylgdist með henni, en sagði nánar um gjörðir hennar: „Síðan allt í einu fer hún (brotaþoli) út úr herberginu og fer þá inn á klósett víst. Síðan þegar ég ætla að fara að sofa þá ætlaði ég að fara á klósettið og hún er þá inni og ég bíð fyrir utan ... síðan kemur hún af klósettinu grátandi og þá fer ég bara á klósettið og síðan fer ég bara inn í herbergi, að sofa.“

Nánar aðspurt kvaðst vitnið ekki hafa veitt því eftirtekt þegar brotaþoli lagði leið sína inn á baðherbergið í greint sinn, en staðfesti aftur á móti þá frásögn, sem það hafði áður gefið hjá lögreglu og þá um það hefði séð hana „strunsa hratt út úr herberginu.“ Vísaði vitnið í því sambandi til þess að það hefði örugglega munað atburðarásina betur þegar það gaf skýrsluna hjá lögreglunni.

Vitnið skýrði frá því að brotaþoli hefði engu svarað þegar það hefði spurt hana um líðan, þ.e. þegar hún kom út af baðherberginu í greint sinn. Vitnið sagðist hafa fylgst með því þegar brotaþoli hefði strax hlaupið inn í eigið herbergi og þá til vitnisins C og lokað á eftir sér herbergishurðinni. Vitnið treysti sér ekki til að segja til um hversu lengi brotaþoli hefði dvalið á baðherberginu í greint sinn.

Vitnið kvaðst minnst þess að ákærði hefði kastað kveðju á fólk áður en hann fór úr húseigninni umrædda nótt. Nánar aðspurt staðhafði vitnið að ákærði hefði farið út úr herberginu eftir að brotþoli fór út í greint sinn, og sagði: „Hann fer aðeins seinna, bara rétt áður en ég ætlaði að fara að sofa, þá erum við sko öll að fara að sofa.“

Vitnið greindi frá því að það hefði hitt vitnið D fyrir áður en það lagðist til svefnis, um kl. 03:00, en bar að hún hefði engu svarað til um lýst ástand brotþola. Vitnið sagði að þetta hefði gerst um hálfri mínútu eftir að brotþoli fór inn til vitnisins C.

Fyrir dómi lýsti vitnið atvikum að öðru leyti með svipuðum hætti og það hafði áður gert í áðurrakinni símaskýrslu hjá lögreglu. Vitnið ætlaði helst að það hefði fyrir skýrslugjöfina lítilega rætt við ákærða um kæruefnið, en ekki við aðra. Vitnið sagði að ákærði hefði haft á orði að þær ásakanir sem á hann hefðu verið bornar væru „kjaftæði.“

Vitnið skýrði að lokum frá því að það hefði aldrei séð ákærða snerta brotþola umrædda nótt, en árétttaði að það hefði verið niðursokkið í fyrrnefndan tölvuleik. Vitnið kvaðst fyrir greindan atburð ekki hafa orðið vart við óvild á milli ákærða og brotþola.

4. Vitnið D, fædd [...], skýrði í aðalatriðum frá atvikum máls með líkum hætti og það hafði áður gert í áðurrakinni yfirheyrsluskýrslu hjá lögreglu, sbr. kafla IV, lið 4 hér að framan. Vitnið sagði að tilefni þess að vina- og ættingjateiti hefði verið haldið á heimili þess umrætt kvöld og nótt hefði verið að þáverandi nafngreindur unnusti þess hefði verið að flytja úr byggðarlaginu.

Vitnið skýrði frá því að eftir miðnættið umrædda nótt hefði brotþoli og vitnið C haldið til í eigin herbergi, ásamt vitninu E og ákærða. Vitnið kvaðst hafa farið tiltölulega snemma að sofa, um 01:00 til 01:30. Vitnið staðfesti að það hefði vaknað um nóttina, og sagði að þá hefði brotþoli í raun verið að skrifa textaboð til þess í símanum. Vitnið sagði að í beinu framhaldi hefði það hitt brotþola að máli og lýsti það samskiptum þeirra þannig: „Hún bara segir mér hvað gerist, hún sem sagt bara segir mér að ... X, hafi gert sér eitthvað, og ég spyr bara nákvæmlega hvað? Og hún segi mér það, að hérna að hann hefði snert hana kynferðislega. ... Hún sagði að hann hefði snert hana svona að neðan, á meðan að hún var, hún ætlaði sem sagt að fara að sofa, var með lokuð augun, og hún nefndi það að hún hefði verið með lokuð augun og að hann hélt að hún væri sofandi, þannig að hann vildi gera þetta, hélt hún.“ Vitnið kvaðst ekki hafa heyrt það frá brotþola hvort ákærði hefði viðhaft eina eða fleiri snertingu, og bar að það hefði ekki mikið spurt út í það atriði. Vitnið kvaðst fremur hafa lagt á það áherslu að vera til staðar fyrir

brotapola og að hlusta á hana. Vitnið kvaðst hafa skilið frásögn brotapola þannig, að ákærði hefði komið við kynfærasvæði hennar, og þá ekki mjöðm, rass eða brjóst. Vitnið kvaðst ekki hafa spurt brotapola að því hvort ákærði hefði komið við hana utan eða innanklæða, en bar að háttsemin hefði átt að hafa gerst í rúminu í herbergi brotapola og C.

Fyrir dómi staðfesti vitnið efni þeirrar lögregluskýrslu sem það hafði gefið við rannsókn málsins, og áréttaði að brotapolni hefði umrædda nótt sagt frá því að ákærði hefði snert hana kynferðislega og þá með því að strjúka henni á rassi og kynfærasvæði. Jafnframt staðfesti vitnið þá frásögn sína hjá lögreglu að það hefði vaknað um nóttina um kl. 03:00, og áréttaði að þá hefði brotapolni verið að rita fyrrgreind símaskilaboð, og að það hefði fyrst hitt brotapola fyrir í herbergi hennar og vitnisins C. Þá staðfesti vitnið að það hefði, í reiði sinni, rætt við ákærða í síma umrædda nótt, og staðfesti að við það tækifæri hefði hann m.a. sagt þau orð sem skráð hefðu verið eftir því í lögregluskýrslunni. Vitni sagði að það hefði skilið orð ákærða á þann veginn að hann hefði verið að játa verknaðinn, þ.e. að hafa snert brotapola, en bar að hann hefði eigi útskýrt þau orð sín frekar.

Vitnið greindi frá því að þegar atvik máls gerðust hefði það þekkt brotapola vel. Vísaði vitnið m.a. til þess að brotapolni hefði lengi verið unnusta bróður vitnisins, vitnisins C, og sagði: „Við vorum alveg góðar vinkonur þá, en ekki lengur samt.“

Fyrir dómi lýsti vitnið ástandi brotapola umrædda nótt þannig: „,Það var bara alveg svona sjokkerandi, bara svona mikið svona, að sjá hana svona, hún var alveg bara búin á því, bara andlega, bara það sást alveg að það hafði eitthvað gerst.“ Vitnið sagði að brotapolni hefði grátið þegar það var í samskiptum við hana umrædda nótt, en bar að hún hefði um síðir róast.

Vitnið greindi frá því að þegar það hefði verið í ofangreindum samskiptum við brotapola hefði það ekki séð vímuáhrif á henni. Og nánar aðspurt kvaðst vitnið ekki geta sagt til um hvort brotapolni hefði neytt áfengis fyrr um nóttina, og sagði þar um: „Hún var bara venjuleg, allavegana þegar ég var að tala við hana þarna sko.“ Þá kvaðst vitnið ekki hafa verið undir teljandi áfengisáhrifum og staðhæfði að það myndi atvik málsins vel.

Vitnið kvaðst síðar í þessari atburðarás hafa fylgt brotapolna á lögreglustöð, og enn fremur hitt alla vinina og þá skýrt þeim frá hinu ætlað athæfi ákærða, en þá aðeins í grófum dráttum. Vitnið staðhæfði að í rauninni hefði vinahópurinn verið í sjokki vegna

þessa atburðar og bar að margir hafi viljað hundsá ákærða þegar hann hefði reynt að vera í samskiptum.

Vitnið kannaðist við að hafa verið í samskiptum við ákærða, þ. á m. eftir að móðir hans hafði beðið vini hans um að leita að honum. Vitnið kvaðst hafa þekkt ákærða vel og því reynt að hughreysta hann, en jafnframt skorað á hann að leita sér aðstoðar, þ.e. ef hann hefði viðhaft umrætt athæfi gagnvart brotþola. Vitnið sagði að ákærði hefði ekki beinlínis rætt um hina ætluðu háttsemi, og ekki viðurkennt hana, en minntist þess að hann hefði haft á orði að hann væri ógeðslegur: „... og að hann hefði ekki átt að gera þetta.“ Vitnið kvaðst hafa skilið þau orð ákærða í samhengi við umræðuefnið. Vitnið sagði að þegar þetta átti sér stað hefði verið augljóst að ákærða leið mjög illa. Vitnið sagði að þessar samræður hefðu átt sér stað skömmu eftir umræddan atburð, og nefndi í því sambandi 2-7 daga.

Vitnið skýrði frá því að það hefði veitt því eftirtekt að ofangreindur atburður hafði miður góð áhrif á brotþola, en sagði að það hefði jafnframt skynjað á brotþola, og þá fyrir þennan atburð, að henni hefði ekki verið sérstaklega vel við ákærða, en þó án þess að það hefði komið fram með áberandi hætti.

5. Vitni C, fæddur [...], skýrði frá atvikum máls fyrir dómi með líkum hætti og það hafði áður gert í símaskýrslu hjá lögreglu, sbr. kafla III, lið 5 hér að framan. Vitnið greindi m.a. frá því að það hefði eftir miðnættið þann 14. ágúst sl. verið í eigin herbergi, ásamt unnustu sinni, brotþola, en einnig vitninu E og ákærða. Vitnið kvaðst hafa neytt áfengis umrædda nótt, en þó ekki verið undir miklum áfengisáhrifum. Vitni sagði að vitnið E hefði einnig neytt áfengis, en treysti sér ekki til að segja nánar til um ástand þess og þá ekki um ástand ákærða. Vitnið kvaðst ekki hafa séð brotþola neyta áfengis og þá a.m.k. ekki inni í þeirra herbergi, en sagði að hún hefði framan af kvöldinu ekki eingöngu dvalið þar.

Vitnið kvaðst í greint sinn hafa verið í tölvuleik, en af þeim sökum hefði það setið við skrifborðið í nefndu herbergi, en að auki verið með „headphone“ fyrir öðru eyranu og sagði: „... bara til þess að hlusta hvað þau voru að gera og svo var ég bara að spila og bara í mínum heimi, og það sem ég man bara, að þau voru öll saman uppi í rúmi, og svo bara kemur að því að ég er ekkert rosa mikið að hugsa um í kring um mig. Ég er bara eiginlega „fókuseraður“ á tölvuna mína. Svo það eina sem ég svo sem man eftir hvað gerðist, ég sá ekki einu sinni hvenær þau fóru út úr herberginu mínu, þá sé ég bara allt í

einu (brotapola) koma út úr baðherberginu grenjandi.“ Nánar aðspurt kvaðst vitnið ekki minnst þess að ákærði hefði kvatt það þegar hann fór út úr herberginu umrædda nótt.

Fyrir dómi áréttaði vitnið frásögn sína hjá lögreglu um að enginn hefði verið hjá því í herberginu þegar brotapolí kom að máli við það í greint sinn. Vitnið bar að brotapolí hefði strax greint frá hinu ætlaða athæfi ákærða, þ.e. að hann hefði „kynferðislega brotið á henni eða eitthvað svoléiðis ... að hann hefði snert hana óþægileg og kynferðislega.“ Vitnið sagði að brotapolí hefði þegar þetta gerðist greinilega verið í miklu uppnámi „og skjálíandi“ og sagði að hún hefði leitað mjög til vitnisins.

Vitnið kvaðst hafa fengið verulegt áfall vegna þessara fregna og orðið orðlaust og í raun ekki treyst sé til að bregðast sérstaklega við. Þá kvaðst vitnið ekki minnst vel þeirra orða sem brotapolí hefði látið falla í greint sinn. Vitnið kvaðst hafa reynt að styðja við brotapolá, en að auki fengið systur sína, vitnið D, til þess að vera hjá brotapolá, en því til viðbótar hefði móðir þeirra komið á vettvang.

Vitnið áréttaði að það hefði verið niðurbrotið eftir að hafa hlýtt á frásögn brotapolá. Vitnið sagði að við þessar aðstæður hefði það ákveðið að fara til ákærða, sem hefði haft aðsetur í næsta nágrenni við heimili þess, og þá til þess að athuga með líðan hans, og eftir það dvalið hjá honum í um 30 mínútur. Vitnið lýsti viðbrögðum ákærða með sama hætti og það hafði áður gert hjá lögreglu, og bar að það sama hefði einnig verið uppi á teningnum þegar það hefði hitt hann daginn eftir, og staðfesti nánar aðspurt það sem skráð var eftir því í nefndri lögregluskýrslu og þá um orð ákærða.

Fyrir dómi skýrði vitnið frá því að fyrir símaskýrslu þess hjá lögreglu hefði það rætt kærufnið við brotapolá og bar jafnframt að hún hefði verið í sama herbergi og vitnið er það gaf skýrsluna. Vitnið kvaðst minnst þess að við það tækifæri hefði brotapolí gert athugasemd við eitt tiltekið atriði, þ.e. þegar það hefði talið að atvik máls milli brotapolá og ákærða umrædda nótt hefði gerst inni á baðherberginu. Vitnið kvaðst hafa leiðrétt þetta atriði, og þá þannig að atvik máls hefðu í raun aðeins gerst í því herbergi sem það hefði sjálft verið í og þá í rúminu.

Nánar aðspurt áréttaði vitnið fyrrgreindan framburð sinn hjá lögreglu og þ. á m. að það hefði hvorki séð eða heyrt þegar hinn ætlaði atburður átti að hafa gerst, og þá sökum þess að það hefði verið upptekið í margnefndum tölvuleik. Ítrekað aðspurt kannaðist vitnið við að rannsakari lögreglunnar hefði spurst fyrir um hvort það hefði verið einsamalt þegar það hefði verið yfirheyrt í síma, og ætlað að það hefði svarað spurningunni játandi.

Fyrir dómi staðfesti vitnið rannsóknargögn lögreglu, og þar á meðal áður nefnda rissteikningu brotþola af nefndu herbergi, og útskýrði það hana nánar.

6. Vitnið F, fædd [...], skýrði frá því að það hefði verið vakið fremur seint umrædda nótt, þ.e. þegar dóttir þess, vitnið D, hefði komið að máli við það og beðið um aðstoð vegna atvika sem gerst höfðu á neðri hæð húseignar þess að [...]. Vitnið kvaðst hafa brugðist við og á vettvangi hitt fyrir brotþola, en einnig son sinn, vitnið C. Vitnið sagði að brotþoli hefði verið fámál og ekki verið með nákvæmar lýsingar um atvik máls, og sagði þar um: „bara að eitthvað hefði skeð sem henni hefði ekki líkað ... og þá eitthvað í sambandi við (ákærða), að hann hefði brotið eitthvað á henni, en hún sagði ekki hvað það var, eða ég man ekki hvað það var, en hún sagði ekkert lýsingunni á því, bara að eitthvað hefði verið sem ekki hefði átt að vera.“ Vitnið sagði að það hefði í raun aldrei heyrt frásögn brotþola um hin ætluðu atvik máls. Þá kvaðst vitnið ekki hafa reynt að fá fram frekari upplýsingar hjá brotþola umrædda nótt, enda á þeirri stundu talið eðlilegra að brotþoli ræddi málefnið frekar við eigin móður. Vitnið kvaðst því helst hafa reynt að róa ástandið, en í framhaldinu farið aftur á efri hæðina.

Fyrir dómi greindi vitnið frá því að umrædda nótt hefði brotþoli verið í uppnámi og grátið. Vitnið kvaðst ekki hafa veitt því eftirtekt í greint sinn hvort brotþoli hefði verið ölvuð, og sagði nánar aðspurt: „Alls ekki.“

7. Vitnið B, móðir brotþola, fædd árið [...], lýsti atvikum máls fyrir dómi á sama veg og það hafði áður gert hjá lögreglu, sbr. kafla III, lið 6 hér að framan. Vitnið sagði frá því að í símtalinu við brotþola hefði hún greint frá hinu ætlaða kynferðisbroti þannig að viðkomandi aðili hefði lagst við hlið hennar í rúmi, en í framhaldi af því snert bæði brjóst hennar og kynfæri utanklæða, en hún af þeim sökum stirðnað upp í ráðaleysi. Vitnið kvaðst í kjölfar þessa hafa náð í brotþola og farið með henni á lögreglustöð. Vitnið kvaðst hafa veitt því eftirtekt í greint sinn að brotþoli var andlega miður sín, og bar að eftir þetta hefði m.a. borið á miklum kvíða og félagsfælni hjá henni, en því til viðbótar hefði skólasókn hennar dalað.

8. Vitnið H, fædd [...], móðir ákærða, skýrði frá því að hann hefði upplýst það um málsatvik, en ekki í neinum smáatriðum, og þá aðeins um þær ásakanir sem á hann hefðu verið bornar, þ.e. að hann hefði átt að hafa þreifað á stúlku. Vitnið bar að þegar þetta gerðist hefði ákærði verið í mjög miklu áfalli, og ekki kannast við atburðinn.

9. Vitnið H lögregluvarðstjóri staðfesti efni áðurrakinnar frumskýrslu. Nánar aðspurt kvaðst vitnið ekki minnst þess hvort brotaþoli hafi beinlínis haft orð á því ellegar hvort hún hefði aðeins með bendingu vísað á mjöðm sína eða á rassinn, þ.e. þegar hún hefði verið að lýsa hinu ætlaða kynferðislega broti. Vitnið kvaðst í raun ekki minnst atvika sérstaklega vel og þá ekki um ástand brotaþola í greint sinn. Vitnið staðfesti að í nefndri frumskýrslu væri ekki skráð hvenær brotaþoli hefði komið á lögreglustöðina þann 14. ágúst 2022, ásamt móður sinni og vitninu D.

10. Vitnið L rannsóknarlögreglumaður skýrði frá því að samkvæmt dagbók lögreglu hefði koma brotaþola á lögreglustöð þann 14. ágúst 2022 verið skráð klukkan 14:36.

Vitnið staðfesti efni áðurrakinnna rannsóknargagna, gerð ljósmynda af vettvangi, en einnig þeirra yfirheyrsluskýrslna sem það hafði tekið, annars vegar á lögreglustöð og hins vegar í síma, og loks viðtöku á rissmynd brotaþola. Vitnið kvaðst ekki hafa haft grunsemdir um að vitni, þar á meðal vitnið C, hefðu eigi verið einsömul þegar þau gáfu skýrslu sínar, fyrir utan vitnið D, sem hefði komið í fylgd móður sinnar á lögreglustöð til skýrslugjafar.

11. Vitnin J félagsráðgjafi, I, náms- og starfsráðgjafi, og K, ráðgjafi og þroskaþjálfari, sem allar starfa við [...], komu fyrir dóminn og staðfestu og skýrðu áðurrakin vottorð um brotaþola.

V.

Niðurstaða.

1. Í máli þessu er ákærða gefið að sök kynferðisleg áreitni, með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 14. ágúst 2022, í herbergi á neðri hæð húseignarinnar að [...]í bæjarkjarnanum [...], strokið yfir rass A, og strokið yfir og káfað á kynfærum hennar, allt utan klæða, þar sem hún lá uppi í rúmi.

Í ákæru héraðssaksóknara er háttsemi ákærða talin varða við ákvæði 199. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. breytingarlög nr. 61/2007, 8. gr., en þar segir: „*Hver sem gerist sekur um kynferðislega áreitni skal sæta fangelsi allt að 2 árum. Kynferðisleg áreitni felst m.a. í því að strjúka, þukla eða káfa á kynfærum eða brjóstum annars manns innan klæða sem utan, enn fremur í táknrænni hegðun eða*

orðbragði sem er mjög meiðandi, ítrekað eða til þess fallið að valda ótta.“

Í máli þessu hefur ákærði neitað verksaðarlýsingu í ákæru og sök, og krefst aðallega sýknu af refsikröfu ákæruvaldsins.

Ákærði byggir á því að ákæruvaldið hafi eigi sannað sök hans. Þá byggir ákærði á því að saknæmisskilyrði 199. gr., sbr. 18. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, séu ekki uppfyllt þar sem hann hafi ekki haft ásetning til kynferðislegra athafna. Ákærði byggir einnig á því að við lögreglurannsókn málsins hafi eigi verið gætt réttlátrar málsmeðferðar, sbr. að því leyti ákvæði 2. mgr. 52. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, þ. á m. þegar skýrslur af vitnum voru teknar á rannsóknarstigi.

Fyrir dómi hefur ákærði kannast við að hafa gripið í mjöðm brotþola við lýstar aðstæður.

2. Í máli þessu liggja fyrir rannsóknargögn lögreglu, þ. á m. frumskýrsla lögregluvarðstjóra, kæruskýrsla og rissteikning brotþola og skýrsla ákærða, en einnig hluti af tölvusamskiptum þeirra. Þá liggja fyrir skýrslur lögreglu, sem teknar voru af vitnum, sem að hluta til voru teknar í síma. Loks liggja fyrir gögn sem aflað var eftir að málið var þingfest fyrir dómi, þ. á m. grunnteikning og ljósmyndir af neðri hæð húseignarinnar að [...], svo og vottorð sérhæfðra starfsmanna skólastofnunar.

Hér að framan hefur verið vikið að ofangreindum gögnum, sem ákæruvaldið byggir saksókn sína á, en að auki hefur að nokkru verið rakinn hljóðritaður framburður ákærða, brotþola og vitna, og þá ekki síst fyrir dómi.

Sönnunarbyrðin um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag hvílir á ákæruvaldinu, sbr. ákvæði 108., 1. mgr. 109. gr., 110. gr. og 1. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Er dómi skylt að meta hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði, sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða og vitna hafi, mats- og skoðunargerðir, sköl og önnur sýnileg gögn. Þá er í 2. mgr. 109. gr. nefndra laga mælt fyrir um að dómur meti hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal, en ályktanir megi leiða af um það. Í þessu viðfangi ber einnig að líta til annarra atriða og þá m.a. að því er varðar sönnunargildi vitnisburðar, en þar ber að lögum, sbr. ákvæði 126. gr. laga nr. 88/2008, að huga að afstöðu vitnis til ákærða og eftir atvikum brotþola. Loks ber í dómi að meta við úrlausn máls sönnunargildi framburðar ákærða, þar á meðal trúverðugleika

hans. Í því sambandi skal meðal annars hugað að ástandi og hegðun ákærða við skýrslugjöf og stöðugleika í frásögn hans, sbr. ákvæði 1. mgr. 115. gr. nefndra laga.

3. Fyrir liggur að í teiti ungs fólks, sem haldið var í húseigninni að [...] laugardagskvöldið 13. ágúst nefnt ár, og stóð fram yfir miðnættið, voru nokkrir heimilismanna, þ. á m. systkinin C og D, en einnig vitnið E. Þá tók brotaþoli þátt í gleðskapnum, en óumdeilt er að hún hafði þegar atvik máls gerðust haft aðsetur í húseigninni um nokkurra mánaða skeið og þá í skjóli þáverandi unnusta síns, vitnisins C, en þau voru með herbergi á neðri hæðinni. Á meðal gesta á heimilinu þetta kvöld var ákærði, en hann bjó í næsta nágrenni og er að auki [...]. Óumdeilt er að a.m.k. sumir þeirra sem tóku þátt í gleðskapnum neyttu áfengis, en á meðal þeirra voru ákærði og nefnd vitni, C, E og D.

4. Samkvæmt grunnteikningu og ljósmyndum, en einnig staðfestri rissmynd, eru á neðri hæð húseignarinnar að [...]tvö herbergi á suðurhlíð. Þar fyrir framan er gangur millum bílskúrs og útihurðar, en á móti þessum herbergjum er baðherbergi.

Samkvæmt því sem fram er komið var íverustaður vitnisins D í austara herberginu á neðri hæðinni. Brotaþoli og unnusti hennar héldu aftur á móti til í vestara herberginu. Þegar atvik máls gerðust var húsmunum í síðarnefnda herberginu raðað m.a. á þann veginn að nær herbergishurðinni var rúm, en innar voru skrifborð og tölva, en einnig tveir stólar.

5. Samkvæmt því sem fram er komið hélt brotaþoli til í herbergi vitnisins D umrætt kvöld og fram yfir miðnættið. Þá verður helst ráðið af gögnum að gestir, aðrir en ákærði, hafi farið úr húseigninni skömmu eftir miðnættið, um kl. 01:00-01:30, en samkvæmt vætti D fór hún að sofa í eigin herbergi um það leyti, en vaknaði að nýju um kl. 03:00.

6. Fyrir dómi hefur ákærði skýrt frá því að hann hafi á þeim tíma sem hann dvaldi í [...]aðallega haldið til í herbergi ..., vitnisins C, og þá ásamt vitninu E. Er þetta í samræmi við framburði nefndra vitna, en einnig brotaþola, og verður þetta því lagt til grundvallar, og þá jafnframt að þeir hafi verið að spila tiltekinn tölvuleik.

Fyrir dómi hefur ákærði borið að hann hafi aldrei farið upp í það rúm sem var í svefnherbergi brotþola og vitnisins C, en í þess stað verið nærri vitnunum C og E og þannig tekið þátt í fyrrnefndum tölvuleik og enn fremur samræðum því tengdum.

7. Ákærði hefur fyrir dómi skýrt frá því að hann hafi hafið áfengisneyslu eftir að hann kom í nefnda húseign, um kl. 22:00, og þá neytt sterkra drykkja, um átta skota, og af þeim sökum hafi hann orðið „þínu ölvaður.“ Við skýrslutöku hjá lögreglu skýrði ákærði frá heldur meiri áfengisdrykkju og jafnframt að hann hafi af þeim sökum verið „fullur“ þegar hann hafi komið á dvalarstað sinn þá um nóttina. Í því samhengi minntist ákærði einnig á minnisglöp varðandi eigin gjörðir.

Fyrir dómi hafa vitnin C og E borið um að þau hafi verið undir áhrifum áfengis þessa nótt, og er það í samræmi við frásögn ákærða. Að mati dómsins ber frásögn þessara vitna um atvik máls þessa ástands nokkur merki, en einnig og ekki síður að þeir virðast allir hafa verið mjög uppteknir vegna þátttöku í fyrrnefndum tölvuleik.

Ákærði hefur haldið því fram að hann hafi séð brotþola neyta áfengis í gleðskapnum, þ.e. þegar hann hafi litið við í herbergi vitnisins D. Vitnið E tók að nokkru undir þennan síðastgreinda framburð ákærða.

Við meðferð málsins, í skýrslum hjá lögreglu og fyrir dómi, hefur brotþoli borið að hún hafi í umrætt sinn ekki neytt áfengis eða annarra vímuefna. Frásögn brotþola hefur að mati dómsins að þessu leyti stoð í vætti vitnanna C og D fyrir dómi, en einnig í vætti húsráðandans F, sem var í samskiptum við brotþola umrædda nótt. Að þessu virtu verður frásögn brotþola lögð til grundvallar um þetta atriði.

8. Ágreiningslaust er að þegar liðið var vel yfir miðnættið umrædda nótt hafi vitnin C og E, en einnig ákærði, sem fyrr verið að horfa á tölvuskjá og spila tölvuleik í nefndu svefnherbergi, og að við þær aðstæður hafi brotþoli komið til þeirra. Af framburði nefndra aðila verður ráðið að eftir þetta hafi brotþoli aðeins með takmörkuðum hætti blandað geði við aðra, en í þess stað hafi hún komið sér fyrir í rúminu, og að einhverju leyti fylgst með fyrrgreindum tölvuskjá.

Samkvæmt framangreindu eru ekki aðrir til frásagnar en ofangreindir aðilar um þá atburði sem gerðust í svefnherberginu eftir þetta, og ber ákærða og brotþola m.a. ekki saman um atvik og samskipti.

9. Fyrir dómi hefur ákærði borið að brotaþoli hafi komið í svefnherbergið á milli klukkan 02:00 og 03:00, en það hafi verið um það leyti sem hann hafi verið að búa sig til heimferðar. Ákærði hefur lýst athöfnum sínum gagnvart brotaþola þannig að hann hafi verið að kveðja vitnin C og E, en veitt því eftirtekt að brotaþoli hafði „rotast ... í rúminu.“ Hún hafi þannig verið með lokuðu augun og hálfsofandi, en verið kreppt saman, líkt og eitthvað amaði að henni. Vegna þessa hafi hann viljað gæta að málum og því gripið í mjöðm brotaþola og hrist hana til, samhliða því sem hann hafi kallað nafn hennar, en án þess að fá nokkur viðbrögð. Hafi hann í kjölfarið reynt að gera vitninu C viðvart um ástand brotaþola, þar sem hann hafi setið við tölvuna, og snúið baki að rúminu, líkt og vitnið E, en að því loknu horfið á braut.

Fyrir dómi hefur ákærði staðhæft að fyrrgreint athæfi hans gagnvart brotaþola hafi varað í um 5 sekúndur. Ekki hafi verið um kynferðislega háttsemi að ræða, enda hafi hann hvorki strokið um rass eða strokið og káfað um kynfæri brotaþola, utan klæða, líkt og verknaðarlýsingin í ákæru héraðssaksóknara hljóðar um.

Frásögn ákærða fyrir dómi var að nokkru samhljóða skýrslu hans fyrir lögreglu og þá um að hann hafi við nefndar aðstæður ekki strokið yfir og káfað á kynfærum brotaþola, utanklæða. Aftur á móti var frásögnin í ósamræmi við lögregluskýrsluna, en af henni verður ráðið að hann hafi strokið um rass brotaþola, og að það hafi hann gert rétt eftir að hann hefði séð hana með galopin augu, að horfa á fyrrnefndan tölvuskjá.

Fyrir dómi hefur ákærði staðhæft að hann hafi ranglega borið á sig sakir í yfirheyrslunni hjá lögreglu, og þá um að hann hafi strokið yfir rass brotaþola. Skýrði ákærði mál sitt þannig að hann hefði í raun ekki munað vel eftir eigin gjörðum umrædda nótt, en hefði viljað sýna tilfinningum brotaþola skilning og því tekið ákvörðun um að biðjast afsökunar. Vísaði ákærði til þess að hann hafi ályktað að háttsemi hans gagnvart brotaþola hafi sært hana, þó svo að hún hafi ekki verið af kynferðislegum toga. Þessu til viðbótar hefur ákærði nefnt að hann hafi verið miður sín vegna viðbragða eigin vina, sem hafi haft spurnir af hinu ætlaða athæfi.

Eins og áður er fram komið naut ákærði aðstoðar tilnefnds verjanda við yfirheyrslu hjá lögreglu, en verjandinn var síðar skipaður til starfans.

10. Samkvæmt framansögðu hefur ákærði fyrir dómi, en einnig að öllu verulegu við yfirheyrslu hjá lögreglu, neitað frásögn brotaþola og stendur því staðhæfing gegn staðhæfingu.

11. Framburður brotaþola fyrir dómi um atvik máls í nefndu svefnherbergi á neðri hæð húseignarinnar að [...] umrædda nótt er að álitni dómsins skýr og í öllum aðalatriðum í samræmi við framburð hennar hjá lögreglu, sbr. að því leyti verknaðarlýsingu í ákæru.

Framburður vitnisins E um að það hafi verið niðursokkið í áhorf á tölvuskjá og hafi af þeim sökum með mjög takmörkuðum hætti fylgst með viðveru brotaþola eftir að hún hafði komið sér fyrir í rúminu í eigin svefnherbergi, er að mati dómsins í aðalatriðum í samræmi við framburði ákærða og brotaþola, svo langt sem hún nær. Fyrir dómi hefur vitnið E einnig staðfest þá frásögn ákærða að hann hafi kastað kveðju á fólk þegar hann var að búa sig til brottfarar. Aftur á móti hefur vitnið borið að þegar það gerðist hafi brotaþoli ekki verið í herberginu, enda hefði það séð að skömmu áður hefði hún farið með hraði út úr herberginu. Hið síðastgreinda atriði er í samræmi við framburð brotaþola, og þá um að hún hafi eftir að hafa stirðnað upp vegna athæfis ákærða flýtt sér af vettvangi. Brotaþoli hefur jafnframt borið að hún hafi í greint sinn farið beinustu leið inn á baðherbergi. Eins og áður hefur verið rakið er það rými fyrir framan svefnherbergin tvö á neðri hæð húseignarinnar.

12. Fyrir dómi hefur brotaþoli lýst viðbrögðum sínum nánar og þá þannig að vegna athæfis ákærða hafi hún fengið áfall, en hafi í baðherberginu sent símaskilaboð þar sem hún hafi í fáeinum orðum greint frá atvikum máls.

13. Framburður brotaþola um að ákærði hafi viðhaft þær snertingar sem hún tíundaði er trúverðugur að mati dómsins og er engin sennilegri skýring fram komin sem skýrt getur áðurgreind viðbrögð hennar. Að mati dómsins er frásögn brotaþola að þessu leyti einnig í fullu samræmi við aðstæður, en einnig trúverðugan framburð vitnanna E og D fyrir dómi og þá um viðveru brotaþola á baðherbergi og efni þeirra skilaboða sem hún sendi frá sér. Þá er frásögn brotaþola um bágborna andlega líðan einnig í samræmi við frásögn þessara vitna, en hefur að auki nokkra stoð í staðfestum vottorðum, og í framburði vitnanna F og C. Við mat á framburði síðastnefnda vitnisins verður eigi horft fram hjá þeim hnökrum, sem að mati dómsins voru við skýrslutöku þess hjá lögreglu, sbr. til hliðsjónar ákvæði 4. mgr. 122. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, en einnig 67. gr. sömu laga og ákvæði reglugerðar nr. 651/2009. Þá verður við mat á framburði nefndra vitna ekki horft fram hjá fyrrnefndu ákvæði 126. gr. sömu laga, og þá vegna tengsla þeirra við ákærða og brotaþola.

14. Af gögnum verður ráðið að nær engin eiginleg samskipti hafi verið með ákærða og brotaþola í umræddu teiti. Þó þykir ekkert marktækt vera fram komið í málinu um að brotaþoli hafi borið haturshug til ákærða, líkt og hann vék að fyrir dómi. Þá hefur eins og áður hefur verið nefnt ekkert haldfast komið fram sem bendir til þess að brotaþoli hafi verið ölvuð eða í vímuástandi, sem skýrt getur þau viðbrögð og líðan sem vitni hafa lýst að hún hafi verið með. Fyrir dómi hefur þannig í raun ekkert komið fram, annað en neitun ákærða, sem getur bent til þess að brotaþoli beri rangt um þá háttsemi sem lýst er í ákæru.

15. Samkvæmt framansögðu sagði brotaþoli strax frá hinu ætlaða kynferðisbroti ákærða. Þá fylgdi hún orðræðu sinni eftir strax næsta dag, og þá m.a. með kæru til lögreglu.

16. Að áliti dómsins er framburður brotaþola eins og áður er rakið skilmerkilegur og trúverðugur í öllum meginatriðum, en frásögn hennar hefur að auki í ljósi atvika verið einlæg. Frásögn ákærða hefur aftur á móti verið harla reikul og á köflum ótrúverðug.

Að öllu ofangreindu virtu og með hliðsjón af áðurgreindum lagareglum er það mat dómsins að leggja beri framburð brotaþola til grundvallar og því sé eigi varhugavert að telja sannað, þrátt fyrir neitun, að ákærði hafi framið þá verknaði, og í óþökk hennar, sem lýst er ákæru.

17. Samkvæmt ákvæði 199. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, eins og því var breytt með lögum nr. 61/2007, felst kynferðisleg áreitni í þeim athöfnum, sem þar eru tífundaðar. Þessar athafnir eru þó ekki tæmandi taldar heldur einungis í dæmaskyni, líkt og ráðið verður af orðalagi ákvæðisins sjálfs. Í athugasemdum með þeirri grein frumvarps þess sem varð að lögum nr. 61/2007, sem breytti 199. gr. almennra hegningarlaga, kemur fram að kynferðisleg áreitni sé háttsemi kynferðislegs eðlis sem hvorki teljist samræði né önnur kynferðismök. Hún felist í hvers konar snertingu á líkama annarrar manneskju sem sé andstæð góðum siðum og samskiptaháttum. Um neðri mörk kynferðislegrar áreitni, þ.e. gagnvart brotum gegn blygðunarsemi, segir í athugasemdunum að sé um líkamlega snertingu að ræða sé háttsemin kynferðisleg áreitni, en jafnframt sé í frumvarpinu gert ráð fyrir að neðri mörk hugtaksins kynferðislegrar áreitni verði rýmkuð þannig að hugtakið verði ekki afmarkað við

líkamlega snertingu heldur geti einnig fallið undir það orðbragð og táknræn hegðum, líkt og nánar er útlistað í athugasemdunum.

Að áliti dómsins verður sú háttsemi ákærða sem sönnuð þykir í máli þessu, þ.e. að strjúka brotaþola í óþökk hennar utanklæða um rass þar sem hún lá uppi í rúmi, sem og sú háttsemi hans að strjúka yfir og káfa á kynfærum hennar, utanklæða, í beinu framhaldi, að teljast kynferðisleg áreitni í skilningi 199. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Telst brot ákærða því réttilega heimfært til þeirrar lagagreinar í ákæru.

VI.

1. Ákærði, sem er [...], hefur samkvæmt sakavottorði eigi áður verið dæmdur fyrir refsiverðan verknað.

Brot þau sem ákærði hefur verið sakfelldur fyrir í þessu máli framdi hann aðeins [...] ára. Með hliðsjón af eðli brotsins og alvarleika ber við ákvörðun refsingar m.a. að líta til 1., 6. og 7. tl. 1. mgr. 70. gr. hegningarlaganna. Á hinn bóginn ber að líta til þess að ákærði var mjög ungur að árum, sbr. ákvæði 2. tl. 74. gr. sömu laga.

Að ofangreindu virtu þykir refsing ákærða eftir atvikum hæfilega ákveðin tveggja mánaða fangelsi, en rétt þykir að fresta fullnustu refsingarinnar og fellur hún niður að liðnum tveimur árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með síðari breytingum.

2. Í málinu er höfð uppi einkaréttarkrafa, sem getið er í ákæru, og var hún reifuð og rökstudd við munnlegan málflutning af hálfu skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Evu Dísar Pálmadóttur lögmanns. Var m.a. vísað til áðurrakinna vottorða og krafist miskabóta samkvæmt 26. gr. laga nr. 50/1993 með síðari breytingum.

Ákærði hefur bakað sér bótaskyldu samkvæmt greindu ákvæði gagnvart brotaþola. Við ákvörðun bóta verður m.a. litið til eðlis brots ákærða og nefndra gagna. Ákveðast miskabætur að þessu virtu til brotaþola 500.000 krónur, með vöxtum eins og nánar greinir í dómsorði. Upphafstími dráttarvaxta er ákveðinn samkvæmt reglu 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38/2001.

3. Ákærvaldið hefur í málinu gert kröfu um að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar málsins, en ekki féll til neinn kostnaður við lögreglurannsókn málsins samkvæmt yfirlýsingu sækjanda fyrir dómi. Eru ekki efni til annars í ljósi málsúrslita en

að fallast á kröfuna. Er um að ræða málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, sbr. ákvæði 235. gr. laga nr. 88/2008. Verður við ákvörðun launanna m.a. litið til umfangs málsins og starfa hinna skipuðu lögmanna við alla meðferð þess, hjá lögreglu og fyrir dómi, allt að meðtöldum virðisaukaskatti, eins og nánar segir í dómsorði.

Af hálfu ákærvalds flutti málið Teitur Már Sveinsson saksóknarfulltrúi.

Ólafur Ólafsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í tvo mánuði, en fullnustu refsingarinnar er frestað og fellur hún niður að tveimur árum liðnum, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði, B kt. [...], [...], f.h. ófjárráða dóttur sinnar, A, kt. [...], miskabætur að fjárhæð 500.000 krónur, auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 16. ágúst 2022 til 17. desember 2022, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði 2.220.063 krónur í sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hlyns Jónssonar lögmans, sem í heild ákvarðast 1.626.012 krónur, og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Evu Dísar Pálmadóttur lögmans, 578.869 krónur, og vegna ferðakostnaðar hennar 15.758 krónur.